

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

## LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

Mánudaginn 4. maí 2009 kl. 14:00 kom landbúnaðarráð Húnaþings vestra saman til 91. fundar í fundarsal Ráðhúss.

### Dagskrá:


1. Bréf Bændasamtaka Íslands.
2. Skipting fjárveitingar til viðhalds heiðagirðinga.
3. Erindi frá byggðarráði. Beiðni um umsögn.

### Afgreiðslur:

1. Fram lögð til kynningar skýrsla milliþinganeftnar Búnaðarþings um fjallskil. Það er mat landbúnaðarráðs að fjallskilareglugerð Húnaþings vestra sé í ágætu samræmi við þau atriði sem fjallað er um í skýrslunni og þess vegna sé ekki ástæða til að taka fjallskilareglugerðina til endurskoðunar. Landbúnaðarráð bendir þó fjallskilastjórnum á atriði sem fjallað er um í skýrslunni og varðar álagningu á landverð þar sem eindregið er lagt til að sú álagning verði eigi hærri 33% af heildarkostnaði við fjallskil. Vegna athugasemda sem bárust frá fjallskiladeildum um einstök atriði fjallskilareglugerðarinnar þá er landbúnaðarráð sammála um að þau gefi ekki tilefni til breytinga á reglugerðinni og felur ráðið formanni að svara þeim athugasemdum í samræmi við umræðu sem fram fór á fundinum. Landbúnaðarráð beinir því til fjallskilastjórna að reglulegir fundir séu haldnir í hverri deild sbr. ákvæði 39. gr. fjallskilareglugerðarinnar.
2. Landbúnaðarráð leggur til að kr. 1.600.000- sem eru til ráðstöfunar á árinu 2009 til viðhalds og endurnýjunar heiðagirðinga verði skipt með eftirfarandi hætti:  
Í Hrútafirði kr. 450.000-  
Í Miðfirði kr. 550.000-  
Í Víðidal kr. 600.000-  
Lagt er til að kauptaxtar fyrir girðingarvinnu verði samræmdir. Landbúnaðarráð fer fram á að formenn fjallskiladeilda taki saman ítarlegt yfirlit um ástand heiðagirðinga þegar viðhaldi sumarsins 2009 er lokið. Yfirlitið verði sent landbúnaðarráði í október nk.
3. Erindi frá byggðarráði lagt fram. Byggðarráð óskar umsagnar landbúnaðarráðs vegna erindis Benedikts Ragnarssonar f.h. Barkastaðaskógar ehf. þar sem óskað er umsagnar um stofnun lögbýlis úr jörðinni Barkastaðaseli, landnúmer 155061. Landbúnaðarráð álíttur að skilyrði fyrir skógrækt á hinu fyrirhugaða lögbýli séu með ágætum og því sé ekkert sem standi í veki þess að stofnað verði sérstakt lögbýli úr landi Barkastaðasels.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:30

  
Sigrún Guðmundardóttir  
forseti Þ. Þ. H. H.  
Cognac  
Borgarvirki

  
Benedikt Ragnarsson